



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSGÆKNI UMHYGGJA

Mosfellsbæ, 13.03.2018

Erindi 201406128/11.3 UVI

## MINNISBLAÐ UM HJÚKRUNARHEIMILIÐ HAMRA Í MOSFELLSBÆ

**Til:** Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra

**Frá:** Mosfellsbæ og Hömrum ehf./Eir - hjúkrunarheimili

**Efni:** Rekstrarvandi Hamra – ítrekun um úrlausnir

Velferðarráðuneytið og Mosfellsbær gerðu með sér samning um rekstur hjúkrunarheimilis 27. júní 2013. Í grein 3.1 í samningnum kom fram að ríkið skyldi greiða daggjöld til Mosfellsbæjar sem væri ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði við þjónustuna og kostnaði við að mæta þeim kröfum sem til hennar væru gerðar, að undanskildum kostnaði við viðhald, umsjón og umsýslu húsnæðis, sem og vegna opinberra gjalda. Í samræmi við heimild í grein 4.4 samdi Mosfellsbær við Hamra hjúkrunarheimili ehf., kt. 690412-0780 um að reka hjúkrunarheimilið. Samið var um að daggjald frá ríkinu skyldi renna óskert til félagsins, sbr. samning dags. 19. júlí 2013.

Hjúkrunarheimilið var tekið í notkun í byrjun október 2013. Frá fyrstu tíð hefur stöðug fjárhagsóvissa einkennt reksturinn. Í fyrstu vegna þess hversu lágu RAI-mati (1,05) var gengið út frá fyrsta heila rekstrarárið 2014 og síðar vegna óvenju margra einstaklinga (nú fjögurra) í hlutfalli við hjúkrunarrými (33) sem hafa þurft mikla og sérhæfða þjónustu. Þetta er nokkuð sem endurspeglar ekki í fyrrgreindu mati.

Afkomuspá fyrir Hamra árið 2019 gerði ráð fyrir um 18 m.kr. rekstrarhalla. Þá var ekki annað vitað en að svonefnt smæðarálag og hliðsjón af RAI-mati á umönnun yrði eins og kveðið er á um í rammasamningi frá 2016 milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambands ísl. sveitarfélaga. Samningurinn rann út í árslok 2018 og ekki hefur náðist samkomulag milli aðila um framlengingu hans sem var þó heimil. Þess í stað gáfu SÍ út einhliða gjaldskrá 21.12 sl. þar sem ekki er tekið tillit til ákvæðanna um smæðarálag og RAI-mat.

Þetta hefur skekkt mjög afkomuspá um rekstur Hamra á árinu 2019 þar eð skerðing smæðarálags nam um 7 m.kr. og gjaldskráin gerði ekki ráð fyrir breytingum á RAI-mati, sem í dag er 1,28. Matið hafði hækkað nokkuð í tilviki Hamra milli ára og hefði átt að skila sér í hærri daggjöldum árið 2019.<sup>1</sup> Þessi breyting hefur í för með sér að áætlaður rekstrarhalli á árinu 2019 verður 30 m.kr. í stað 18 m.kr.

Stjórn Eirar/Hamra hefur ítrekað látið í ljós þá afstöðu sína að óviðunandi sé að Hamrar séu reknir með halla. Stjórnin hefur þó fram að þessu heimilað að rekstri skuli haldið áfram enn um sinn í von um bjartari tíma í ljósi þess að stjórnendur Hamra og Mosfellsbær hafa unnið stöðugt að því að afla heimilinu frekari tekna. Sú viðleitni hefur einkum beinst að því að fá viðurkennt að umönnun yngri íbúa heimilisins fylgi viðbótarkostnaður sem komi ekki fram

<sup>1</sup> Í þeim tilvikum er RAI-mat hafði lækkað milli ára héldu hjúkrunarheimili hins vegar óbreyttum daggjöldum.



sem skyldi í RAI-mati og þar með daggjöldum. Það hefur í þrígang (fyrir árin 2014, 2015 og 2017) skilað sér í sérstökum viðbótargreiðslum frá ráðuneytinu, 15 m.kr. á ári tvö fyrri árin og 8. m.kr. síðasta árið, sem rétt hafa reksturinn við að nokkru.

Mosfellsbær sá sér ekki annan kost en að segja upp þjónustusamningi við ráðuneytið frá og með 1.2.2017 og samhliða sagði Eir upp samningi sínum við bæjarfélagið. Í stuttu máli þá voru lyktir málsins þær að á fundi með fulltrúunum í ráðuneytinu 20.12.2017 að:

1. Stjórn Hamra dró uppsögn á samningi Hamra við Mosfellsbæ til baka.
2. Bæjarráð dró uppsögn Mosfellsbæjar á samningi við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur Hamra til baka.
3. Ákveðin stækkun Hamra um 44 rými.
4. Tímabundin fjölgun rýma (3) þar til heimilið hefði verið stækkað.
5. Ráðuneytið greiddi Mosfellsbæ 8 m.kr. (sbr. fyrrgreint) vegna sérgreinds kostnaðar yngri íbúa með ríkari stuðningsþarfir, sem leitt hefði til uppsafnaðs halla um 20 m.kr.
6. Að aðilar málsins skoðuðu hvort umönnunarþyngd yngri heimilismanna endurspeglist verr í RAI mati en umönnunarþyngd annarra aldurshópa.

Við öll fyrrgreind atriði hefur verið staðið að undanskildum síðasta liðnum, sem skilja mátti þó að fullur vilji væri meðal aðila til að leysa eins og tölvupóstsamskipti (29.12.18) fulltrúa ráðuneytisins (Ólafs Darra Andrasonar) og bæjarstjóra bera með sér:

Ólafur Darri segir í pósti sínum í dag að sínum að hann hafi talið að eftir fundinn með ráðherra deildu Mosfellsbær og ráðuneytið þeim skilningi, sem fram kom í orðalagi í pósti bæjarstjóra til frekari skýringar, að hugmyndin væri

*„að þetta viðbótarframlag væri skilyrt við það að fram færi athugun ráðuneytisins og Eirar á því hvort ekki þyrftu að koma til slík framlög vegna ungu íbúanna á heimilinu og sérstakrar þjónustu og álags þeirra vegna. Þau gætu sem sé numið allt að 10 mkr. og mundu þá skiptast í sömu hlutföllum.“*

Ég taldi eftir fund ykkar með ráðherra að það væri sameiginlegur skilningur að slík skoðun væri forsenda þess að ráðuneytið gæti komið að slíkum viðbótarkostnaði.

Bæjarstjóri svarar:

Já, það er rétt en ég tók líka skýrt fram þegar ég lagði fram þessa tillögu að í þessa skoðun væri farið með því hugarfari að leiða fram það rétta í þessu máli og sanngjarna lausn. Ekki bara einhver málamynda skoðun á málinu til þessa að geta lokað málinu með því að um frekari framlög yrði ekki að ræða. Ég treysti því að þannig verði staðið að málum

Ólafur Darri svarar:

Það er sameiginlegur skilningur að í tillögunni felist: „að í þessa skoðun væri farið með því hugarfari að leiða fram það rétta í þessu máli og sanngjarna lausn.“

Bæjarstjóri svarar:

Það er gott að heyra og gleðileg áramót.

Í bréfi til ráðuneytisins 8.2.2019 var ráðuneytinu send greinargerð um greiningu ftr. Hamra á umönnunarþörf fjögurra íbúa heimilisins sem þurfa mjög mikla og fjölbætta umönnun sem rakin er ítarlega í greinargerðinni. Í svari ráðuneytisins til Mosfellsbæjar 6.3.2018 er erindinu hafnað á grundvelli skorts á rökstuðningi. Afgreiðsla málsins ber þess merki að fyrrgreind orð um „...að í þessa skoðun væri farið með því hugarfari að leiða fram það rétta í þessu máli og sanngjarna lausn.“ eru að engu höfð. Í bréfi ráðuneytisins segir: „...að í ráðuneytinu er nú verið að skoða umfang þeirrar sérstöku umönnunarþarfa sem íbúar hjúkrunarheimila hafa. Tekin verður afstaða til viðbótarfjárfestinga vegna þessa að lokinni þeirri skoðun.“ Í samtölum við aðila innan SFV hefur komið í ljós að á þeim bænum kannist menn ekki við slíka skoðun.



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Af framansögðu er það mat ftr. Mosfellsbæjar og Hamra að enginn vilji sé af hálfu ráðuneytisins að taka höndum saman til að tryggja rekstrargrundvöll heimilisins þrátt fyrir fyrrgreinda yfirlýsingu. Það, ásamt forsendubresti sem leiðir af óleystum ágreiningi SÍ og heilbrigðisráðuneytisins um daggjöld, smæðarálag og sérstakan umönnunarkostnað þar sem tenging við RAI mat er rofin og smæðarálag afnumið, stefnir rekstri heimilisins í þrot. Stjórn Hamra virðist einhuga um að ekki megi við svo búið standa enn eitt árið og að komið sé að leiðarlokum í rekstri heimilisins með óbreyttum hætti. Á grundvelli fyrrgreinds forsendubrests sjá fulltrúar Mosfellsbæjar sér ekki annað fært en að leggja til við bæjaryfirvöld að samningum við ríkið um rekstur hjúkrunarheimilisins Hamra verð rift og ríkið taki yfir ábyrgð á sínu lögbundna verkefni sem er rekstur hjúkrunarheimila. Lagt er til að samhliða riftun verði send tilkynning um uppsögn í samræmi við ákvæði samningsins til að tryggja að ef riftun verði ekki talin lögmæt verði eftirstöðvar samningsins í öllu falli ekki lengri en eitt ár.

Virðingarfyllst,

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og

Unnur V. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs